

**Fundargerð háskólaráðs**  
**370. fundur fimmtudaginn 17. mars 2016 kl. 13:30**  
**Borgir 262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:33.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, í síma  
Guðmundur Kr. Óskarsson, fulltrúi háskólasamfélagsins (varafulltrúi)  
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen, verkefnastjóri á skrifstofu rektors, ritar fundargerð  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Forföll boðuðu:

Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðuneytis og Elvar Jónsson,  
varafulltrúi hans.

Gestir:

Stefán Jóhannsson, forstöðumaður nemendaskrár  
Hjörleifur Einarsson, prófessor og stjórnarmaður í rannsóknasjóði HA  
Ólína Freysteinsdóttir, verkefnastjóri hjá stjórnslu rannsókna HA  
Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs  
Júlí Ósk Antonsdóttir, aðjúnt, lagadeild

---

Rektor kynnti dagskrá fundarins.

**1. Fundargerð 369. fundar**

*1602015*

Rektor lagði fram fundargerð síðasta fundar til samþykktar.  
Fundargerð samþykkt, með breytingu á 7. lið, þar sem ítrekað er að þeir doktorsnemar eða nýdoktorar sem geta fengið úthlutað rannsóknamisseri með vísan til 4. gr. reglna um rannsóknamisseri þurfi að uppfylla sömu skilyrði og aðrir akademískir starfsmenn sem starfa við skólann, þ.e.

fastráðnir akademískir starfsmenn, sem gegna a.m.k. 50% stöðu við skólann.

## **2. Mál til kynningar**

- Stefnumótun – staða – rektor gerði grein fyrir stöðunni í vinnu við stefnumótun til næstu ára. Capacent hefur skilað lokaskýrslu. Aðgerðaráætlun verður tilbúin í apríl. Gert ráð fyrir fundi háskólaráðs með ráðgjafa Capacent í apríl til að fara yfir niðurstöðurnar.
- Stefnumótun menntamálaráðuneytis – rektor gerði grein fyrir stöðunni – HA skilaði athugasemdum við drög að stefnu ráðuneytis þann 4. mars s.l. Ekki gert ráð fyrir lokaniðurstöðum ráðuneytis fyrr en eftir einhverjar vikur.
- Enn beðið eftir fundi með ráðherra vegna stefnumótunar, vegna fjármögnunar og vegna doktorsnámsúmsóknar.

## **3. Rekstur**

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir rekstri jan-feb 2016. Reksturinn í heild á áætlun.

## **4. Brautskráning 2016**

*1601043*

Rektor sagði frá stöðu mála. Brautskráning hefur farið fram í skólanum frá 2014, áður var athöfnin haldin utan skólans. Almenn ánægja hefur verið með að hafa athöfnina í skólanum og ákveðið hefur verið að brautskráning 2016 verði í skólanum. Til að bregðast við þrengslum þá mun verða farið í aðgerðir til að lagfæra aðstæður í salnum, athöfnin verður stytta eins og hægt er og að lokinni athöfn mun hvert svið fara með sína nemendur og aðstandendur þeirra inn á sitt svið. N4 mun verða með beina útsendingu frá athöfninni og Stewart Wheeler, sendiherra Kanada, mun verða ræðumaður á athöfninni. Undirbúningur brautskráningar er í hefðbundnum farvegi.

## **5. Náms- og kennsluskrá 2016-2017**

Stefán Jóhannsson forstöðumaður nemendaskrár kom inn á fundinn og gerði grein fyrir birtingu náms- og kennsluskrár næsta skólaárs. Mikil breyting er á tveimur námsleiðum, uppbyggingu kennaranáms og hjúkrunarfræðináms og ekki alveg allar upplýsingar sem liggja fyrir vegna þessara breytinga. Ekki er enn búið að birta allar námskeiðslýsingar á ensku, eins og skylt er að gera, en allar lýsingar á íslensku eru komnar. Rektor gerði grein fyrir að framkvæmdastjórn væri meðvituð um ástandið og að það þyrfti að gera breytingar í stjórnarsýslu skólans svo þessi mál gangi betur fyrir sig og öll gögn í náms- og kennsluskrá séu tilbúin tímanlega til birtingar.

Heildarnámsframboð við skólann er að mestu leyti það sama og á síðasta skólaári. Við bætist þó nám í starfsendurhæfingu, meistaranám á heilbrigðisvísindasviði, sem er samstarf á milli HÍ og HA.

#### - **Polar law**

Sigrún Stefánsdóttir og Júlí Ósk Antonsdóttir komu inn á fundinn til að kynna fyrirhugaðar breytingar á Polar law.

Fyrir liggja tillögur að breytingum á skipulagi Polar law (skv. gögnum) og tillaga um að taka inn nemendur nú í haust (áður hafa nemendur verið teknir inn annað hvert ár og síðast haustið 2015). Skólanum býðst námskeið frá Fulbright kennara, skólanum að kostnaðarlausu – sem væri hluti af Polar law og West Nordic Master Studies. Til að takast á við þessar breytingar, ásamt breytingunum sem fyrir liggja í lagadeild, þ.e. sameining laga- og félagsvísindadeildar og breytingu laganáms yfir í sveigjanlegt nám, liggur fyrir tillaga um ráðningu sérstaks verkefnastjóra, inn á stjórnslu hug- og félagsvísindasviðs, sem myndi heyra beint undir sviðsforseta og væri þá hægt að færa þann starfsmann á milli verkefna í stjórnslunni eftir því sem þörf krefur innan sviðsins. Þetta væri liður í að styrkja stjórnslu sviðsins og um leið skólans.

Rektor leitar eftir umræðu innan háskólaráðs um hvort að mögulegt sé að samþykkja þessa breytingu og viðbót í Polar law. Háskólaráð er jákvætt gagnvart breytingunni og telur að ef að stjórnslan er styrkt eins og lýst hefur verið að þá ætti þetta að geta gengið upp.

Sigrún og Júlí telja þetta styrkja stöðir laganámsins og að um gott tækifæri sé að ræða og þær vekja athygli á því að það í raun veiki Polar law námið að taka bara inn nemendur annað hvert ár.

Sigrún og Júlí yfirgefa fundinn.

Háskólaráð er sammála um að hér sé gott tækifæri en háskólaráð þarf að standa á bak við ákvörðunina sem hópur og vera meðvitað um að þetta er aukning á álagi fyrir starfsmenn og stjórnendur. Þetta styrkir núverandi stefnu skólans og vilja til að auka norðurslóðaáherslu skólans.

Hér er um að ræða tækifæri til sóknar fyrir skólann, tilraun til að efla það nám sem er við skólann og nýta akademíska starfskrafta sem bjóðast án mikils tilkostnaðar.

Háskólaráð samþykkir náms- og kennsluskrá, eins og hún liggur fyrir núna, með fyrirvara um að hún gæti átt eftir að taka lítils háttar breytingum vegna þeirra upplýsinga sem enn vantar uppá. Háskólaráð samþykkir einnig fyrirlagðar breytingar á námsleiðinni Polar law og að teknir verði inn nemendur haustið 2016 – í samræmi við þau gögn sem lögð hafa verið fram og gerir ráð fyrir að vel verði haldið utan um breytingarnar, ásamt öðrum breytingum sem framundan eru hjá lagadeild, með því að styrkja stjórnslu sviðsins.

## **6. Reglur um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna**

1601049

Rektor kynnti reglurnar og helstu breytingar frá fyrri reglum. Helsta breytingin liggur í meginreglunni um að nýráðningar í akademísk störf verði tímabundnar til fimm ára, en starfsmenn geta svo sótt um ótímabundna ráðningu og þurfa þá að fara í mat framgangsnefndar.

Hin stóra breytingin felst í skipun dómnefndar, en áður (skv. lögum sem hafa verið felld úr gildi) tilnefndi menntamálaráðuneyti einn fulltrúa en háskólinn tvo. Breytingin felur í sér að skólinn (háskólaráð) tilnefni alla þrjá fulltrúana, en skv. lögum um opinbera háskóla þarf einn fulltrúi alltaf að vera utan skóla en allir þurfa að hafa doktorspróf.

Háskólaráð samþykkir fyrirlagðar reglur og taka þær gildi 1. apríl 2016 og um leið falla úr gildi reglur nr. 1207/2007 um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri.

## **7. Skipun dómnefndar HA 2016-2018**

1511002

Rektor gerði grein fyrir tilnefningum og þær eru samþykktar af háskólaráði.

## **8. Leiðbeiningar/verklag um sameiginlegar gráður**

Lagt fram til kynningar. Tekið aftur fyrir á fundi í apríl.

## **9. Þátttaka í erlendum samstarfsnetum – vinnureglur HA**

Rektor kynnti vinnureglur sem lagðar eru fram til samþykkis. Guðmundur lagði áherslu á að það geti verið að í einhverjum tilfellum þurfi skólinn að leggja til einhvern kostnað, ekki endilega gott að hafa í reglunum að ekki megi vera um nein fjárhagsleg útgjöld fyrir skólann að ræða. Reglurnar samþykktar með orðalagsbreytingu í síðustu málsgrein, þar sem kveðið er á um að þátttaka í erlendum samstarfsnetum beri ekki fjárhagslegan kostnað fyrir skólann, *nema að um það hafi verið samið fyrirfram*.

## **10. Úthlutun úr rannsóknasjóði HA**

Ólína Freysteinsdóttir og Hjörleifur Einarsson komu inn á fundinn undir þessum lið.

Ólína kynnti fjölda umsókna og úthlutanir, ásamt styrkuppþæðum. Sótt var samtals um 53 milljónir, 14 milljónir voru til úthlutunar.

Velt upp spurningunni um hvor háskólaráð ætti að leggja línurnar um áherslur í úthlutun úr rannsóknasjóði, út frá stefnu skólans? Þannig gæti háskólaráð haft áhrif á rannsóknir að einhverju leyti til þess að ýta undir að markmiðum og stefnu sem háskólaráð og skólinn setur sér sé náð.

Framundan breytingar á sjóðaumhverfi skólans, inn eru að koma ferðasjóður, útgáfusjóður og starfsskyldusjóður og eru uppi hugmyndir um að þessir sjóðir fari undir rannsóknasjóð og að stjórn rannsóknasjóðs hafi umsjón með þeim með þeim hætti að stjórn rannsóknasjóðsins setji reglur um þessa sjóði en stjórnsýsla rannsókna fari með umsýsluna.

## **11. Kostnaður fjarnema/brotthvarf fjarnema**

Lagt fram til kynningar og frestað til næsta fundar.

## **12. Starfsmannamál**

- Auglýsing stöðu í sálfræði – til kynningar.
- Umsóknir um stöðu forstöðumanns MSHA. Rektor gerði grein fyrir umsóknum og umsóknarferlinu.
- Umsóknir um stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs. Rektor gerði grein fyrir fjölda umsókna og umsóknarferlinu framundan.
- Ráðning forstöðumanns markaðs- og kynningarsviðs. Rektor gerði grein fyrir ráðningu í starf forstöðumanns markaðs- og kynningarsviðs þar sem Kristín Ágústsdóttir hefur sagt upp störfum og mun hætta þann 1. apríl. Katrín Árnadóttir var metin hæfust af umsækjendum, en 21 umsókn barst um starfið. Katrín hefur verið ráðin í starfið og mun hefja störf með vorinu.

## **13. Önnur mál**

- Skipulagsskrá Végeirsstaðasjóðs – rektor kynnti lítils háttar breytingar á þeirri skrá sem háskólaráð hefur áður samþykkt. Háskólaráð samþykkir skrána.
- Staðan í málefnum Miðstöðvar skólaþróunar HA. Sigrún Stefánsdóttir sagði frá stöðu mála sem tengjast núverandi og fyrrverandi starfsmönnum stofnunarinnar. Málið tengist mörgum þáttum sem eru ekki nægilega vel skilgreindir innan opinberra háskóla, t.d. höfundarréttur, störf akademískra starfsmanna fyrir aðra en þann skóla sem þeir starfa við ofl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:12.